

hugmyndum, sem hún gerir sér um líf framliðinna. „But, dearest, I can't grasp it,“ segir hún. En þá segir hann: „Hvers vegna geturðu ekki það? Þetta er heimur (jörð) eins og ykkar.“ (Why can't you? This is a world like yours). Þetta kalla ég dýrmæt orð, og má furðulegt heita, að takast skuli að koma fram þessum þýðingarmiklu sannindum, svona þvert ofan í sannfæringu viðtakanda. Áríðandi staður er ennfremur þessi á s. 182: „Hvar heldurðu að við séum,“ segir hann; „viltu geta?“ „Hérna við hliðina á mér,“ segir hún. „Nei,“ segir hann, „við erum á Sumarlandinu ...“ „Hversu furðulegt,“ segir hún; „hvernig læturðu Florrie — það er stúlkan sem skrifar — heyra til þín?“ „Þráðlaust,“ segir hann. „Hvernig heyrir þú til Lundúna?“ — frúin á heima í annarri borg. — „Hugsanaöldur (thought waves) ná til miðilsins,“ segir hann. —

Langt mál og fróðlegt mætti rita til þess að sýna, hversu þrálátlega hinir framliðnu eru að leitast við að segja frá því, að þeir lifa eftir dauðann líkamlegu lífi á öðrum stjörnum, og er illt til þess að vita, hve illa gengur þar að koma fram hinum rétta skilningi. The world is out of joint, segir í Hamlet — í hinu fræga leikriti —; heimurinn er úr liði, (ekki í þeim skorðum, sem þarf að vera); og svo mun verða, uns fengin er þekking á undirstöðulögmálum lífsins. Þá fyrst verður auðið að komast á þroskaleið og láta rætast hina dýrðlegu möguleika tilverunnar.

2. sept. '27.

24. *Ljósíð frá Íslandi*

I

Ekkert er mér fjær en að vilja telja nokkurn mann af að lesa bækur Jónasar Guðmundssonar, forstjóra. Hitt vildi ég heldur. Og munu að vísu flestir vera þess auðeggjaðir. Því að það væru undarlegir menn, sem engan hug hefðu á að vita hverju spád hefir verið um úrslitafátíðindi þau sem nú eru að gerast, og í vændum eru, ekki síst þegar um þær spár er að ræða, er sumar hafa þegar sannast. En þó er það nú ekki

það, sem ég ætla að rita um að sinni, heldur sumt það í bókum J. G., sem ekki er rétt, og annað sem nokkur furða er, að jafn gáfaður höfundur skuli ekki hafa getið um. Í bók sinni „Spádómar um Ísland“ (1941), s. 4—5, talar J. G. um rit eftir Adam Rutherford, sem kom út 1937, og segir í því sambandi: „Ef við rennum huganum aftur í tímann um þessi 4 ár, sem liðin eru síðan 1937, er bókin var skrifuð, og reynum að rifja upp, hvernig ástatt var þá, er ég viss um, að við gætum orðið sammála um, að þá bjóst enginn við „stórviðburðum í náinni framtíð.“

Ég las þetta með nokkurri undrun, af því að ég veit, að J. G. er einn þeirra gáfumanna sem veitt hafa ritgerðum mínum talsverða eftirtekt. En ég hafði um það leyti oft látið í ljós, að við miklum tíðindum og illum mætti búast í náinni framtíð. Skulu hér nokkur dæmi nefnd. Í grein sem rituð er 22. nóv. 1936, og kom þá skömmu síðar í blaði, stendur svo: „En takist ekki þessi stefnubreyting, þá er óhætt að segja, að skammt er til ógurlegri tíðinda en orðið hafa áður í sögu mannkynsins.“ (Viðnýall, s. 33). En í grein, sem skrifuð er 1. febrúar 1937: „Hin mesta þörf er á því um ýms tíðindi nálægrar framtíðar, að þau verði á annan veg en helst horfir nú. ... Þarf varla að efa, að svartara hefir varla verið fyrir stafni í sögu mannkynsins en nú er.“ (Viðnýall, s. 25). Og enn fremur, s. 34: „Horfurnar eru að vísu nú ennþá miklu ógurlegri en vorið 1914, þegar ég sagði fyrir hin geigvænlegustu tíðindi, ef þessu máli yrði ekki sinnt.“

Nægir þetta til að sýna, að það er ekki rétt að segja, að 1937 hafi enginn „búist við stórviðburðum í náinni framtíð.“

II

Ég verð um margt að vera á öðru máli en J. G. er í bókum sínum, en hann hefir hinsvegar nálega að engu haft mínar kenningar. Ég hafði, löngu áður en rit Rutherfords komu til sögunnar, reynt að vekja athygli á því, að nú eru fyrir höndum aldaskipti, sem alveg eru einstæð í sögu mannkynsins. Ég er enginn trúmaður eða biblíudýrkandi, en hefi litið á

þetta mál frá sjónarmiði náttúrufræðingsins. Ég hefi fundið svo að ekki verður véfengt, hvert er hið mikla og undursamlega markmið, sem hinn skapandi máttur keppir að í alheimi. Ég hefi sýnt framá meira gildi jarðfræðinnar fyrir heimspeki og heimsfræði, en menn höfðu áður komið auga á. Og vitanlega þótti mér mjög mikilsvert og stórmerkilegt, að sjá koma fram spá um andlega mannkynsforustu íslensku þjóðarinnar. Mér var svo vel kunnugt um veikustu hlið íslenskrar þjóðrækni, að ég hafði hin ágætustu skilyrði til að meta mikils útlendan stuðning í þessu máli, og dást að andagift þess manns, sem varð til að veita hann, hvað svo sem liði ýmsum öðrum skoðunum hans, er síður snerta mitt mál.

Málið er í aðalatriðum einfalt. Lífið vex fram á hverri lífstjörnu, þróast að skynjun og síðan viti, og takmarkið er að ná fram til þeirrar vitneskju um lífið á öðrum jarðstjörnum, að unnt verði að koma á svo fullkomnu sambandi við það, sem nauðsyn er á. Samband hafði að vísu átt sér stað frá upphafi, en án þess vitað væri af því á stjörnum hins frumstaða lífs, þar sem menn þá heldur ekki áttuðu sig á því, að hverskonar trú og dulrænu er til slíks sambands að rekja. Þekking er nauðsynleg til þess að tekist geti sú samstilling lífsins á hverri jarðstjörnu, og öllum, sem er leið sannra framfara. Nú getur svo farið, að hin nauðsynlega þekking ávinnist ekki, og þá er það andstillingin sem vex. Þá lýstur hinum andstilltu þjóðum saman í sífellt ógurlegri styrjöldum. Sbr. að í þessum ófriði er nú frá flugvélunum kastað niður í fáeinum loftárásum meiri þunga sprengiefna (og ógurlegri sprengiefna) en í allri hinni fyrri heimsstyrjöld. Þar sem hin nauðsynlega stefnubreyting tekst ekki, verða að lokum slík ógurleg tíðindi, sem segir af í Völuspá og Opinberun Jóhannesar. En vitanlega eru slík rit hræringur af tilraunum vitranamannanna til að segja frá því sem þeir fjarskynjuðu eða „sáu“, fyrir samband við sýngjafa á einhverri jarðstjörnu hinna ógurlegustu atburða, og svo tilraunum þeirra til að skýra það, sem þeir skildu í rauninni ekkert í. Því að það er mjög stórkostlegur misskilningur að

halda, að þar sem „Opinberunarbókin“ er, hafi verið að verki maður, sem vissi nákvæmlega hvað framtíðin bar í skauti sínu, en lék sér aðeins að því að segja frá því á sem óskiljanlegastan hátt. Menn fara mikils á mis er þeir líta ekki á allt þetta mál jarðfræðilega og frá sjónarmiði framvindufræðinnar og sannvísindalegrar sálfræði. En það hefir J. G ekki gert, í öllu því mikla máli, sem hann í bók sinni „Vörðubrot“ ritar um Opinberun Jóhannesar. Vér fáum í Op. Jóh. fréttir af ennþá miklu stórkostlegri flugherjum og stórvirkari sprengiefnum en til eru hér á jörðu. Þarf enginn, sem séð hefir flugvélar á ferð í myrkri, að furða sig svo mjög á því, þó að spámanninum virðist það vera stjörnur, sem eru í rauninni flugvélar. En um stærð stjarnanna og eðli hafði hann enga hugmynd.

Fróðleg bending um það, hvorumegin sannleikann er að finna í þessu máli, er annaðeins og þetta. Til er mikið tveggja binda verk um Opinberun Jóhannesar, eftir dr. R. Charles, einn af lærðustu guðfræðingum og höfuðklerkum Bretlands. Eru í verki þessu miklar skýringar og gerðar af stórmiklum lærdómi. En þegar hinn stórlærði höfundur kemur að því, er Jóhannes sér „engil sem stendur í sólinni“, þá gefst hann alveg upp við að skýra, botnar ekki neitt í því, hvað spámaðurinn muni eiga við með þessum orðum. En frá sjónarmiði náttúrufræðingsins er þetta mjög svo auðskýrt og auðskilið. Þetta bjarta sem spámaðurinn hyggur vera sólina, er skin frá verunni sjálfri, og vitanlega virðist „engillinn“ vera innan í þeim ljóshnetti, sem þannig er tilkominn. Sbr. Framnýal s. 360.

III

Þó að það sé misskilningur að líta á Opinberun Jóhannesar sem spá um, hvað verða muni hér á jörðu, þá getur hinsvegar ekki verið neitt vafamál, að framkoma hennar er ekki án sambands við hin miklu aldaskipti fyrir mannkyn vort, og hættuna á að það gæti orðið lokakafli hinnar hryllilegu sögu mannkynsins sem nú er að hefjast. En þó mun það ekki verða, og voðanum verða afstýrt. Og mjög mun þá

skipta um og margvíslega. Mjög margir munu hingað koma víðsvegar af löndum, þegar fer að verða ljós heimsþýðing íslensku þjóðarinnar, og að hér er nær verið guðunum, þ. e. auðveldara til sambands við fullkomnari mannkyn annarra jarðstjarna, en í nokkrum stað öðrum á þessari jörð. Munu þá ekki hljótaast nein vandræði af, þó að erfiðara sé hér um ýmsa matvælaframleiðslu en víða í öðrum löndum. Og að vísu mun, eftir aldaskiptin, einnig veðurfar breytast hér mjög til batnaðar, og jarðrækt ýmiskonar taka þeim framförum, sem nú mundu þykja mjög með ólíkindum. Og það sem mest er um vert, sú framför mannþroskans, sem íslenskur æskulýður nú þegar ber svo greinilega vitni, mun aukast og eflast, uns Íslendingar munu vekja á sér eftirtekt og aðdáun hvar sem þeir fara, ekki einungis eins og vér vitum að til forna átti sér stað, heldur jafnvel langt framyfir það.

Apríl—maí 1944.

25. *Íslenska þjóðin og úrslitátímar mannkynssögunnar*

I

Happ tel ég það, að ég rakst núna, nýkominn heim úr sveitinni, á nýjustu bókina eftir rithöfund, sem ég met mjög mikils, prófessor Julian Huxley. Virðist mér þetta besta bókin sem ég hefi séð eftir þennan höfund, en hann er heimskunnur, og mjög að verðleikum, þar sem hann er framúrskarandi bæði sem líffræðingur, heimspekingur og ritsnillingur. Bókin heitir: „On living in a Revolution“; Um líf á byltingartíma. Er Huxley það mjög vel ljóst, hve mjög atburðarásin miðar nú til gjörbreyttar framtíðar, enda mun hann vera í allrafremstu röð framvindufræðinga (evolutionista) þeirra, sem nú eru uppi. Sem dæmi um tiltakanlega góðar ritgerðir í bók þessari vil ég nefna kaflann *Philosophy in a World at war*, (*Heimsskoðun og lífsskoðun í heimi sem á í styrjöld*), og *Darwinism today* (*Darwinskenningin nú á dögum*). Mætti fleira nefna, sem ég hefi þó síður vit á, eins og t. d. *Reconstruction and Peace* (*Endurreisn og friður*). En einmitt af því, að hér er um að ræða einn af allrafremstu